

um í Reykjavík, með því að barnsfaðirinn átti þar síðast heima, og meðlags-
hæðin er ákveðin í samræmi við meðalmeðlag þar sem barnið dvelur, á tjeður 21. júní 41
meðlagsúrskurður sem lögum samkvæmur í alla staði að vera óraskaður.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari
birtingar fyrir hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps og annist þjer um endur-
greiðslu hins umkrafða meðlags.

Meðlagsúrskurðurinn er sendur borgarstjóra.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, um 42
breyting á sóknaskipun.

27. ágúst

Samkvæmt beiðni ábúenda jarðanna Stóra-Hofs og Minna-Hofs í Hrepp-
hólasókn í Árneshólaþingi og samkvæmt samþykki safnaðarfundar og hjer-
aðsfundar, veitir ráðuneytið hjermeð eftir tillögum yðar, háæruverðugi herra,
í brjefi dags. 31. f. m., leyfi til að ofanefndar jarðir Stóra-Hof og Minna-Hof
í Hrepphólasókn megi framvegis teljast til Stóranúpsóknar í sama þrófasts-
dæmi, með því skilyrði, að Stóranúpskirkja greiði Hrepphólaþingi 650 kr. í
eitt skifti fyrir öll um leið og breytingin kemst á.

AUGLÝSING

um

43

31. desbr.

1925

**skilyrði fyrir leyfi til verslunarrekstrar samkvæmt 3. gr. laga
nr. 52, 27. júní 1925.**

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til
verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það
síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim
verslunarleyfi, sem tvisvar hafa orðið gjaldþrota, nema komist hafi á lög-
legir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenn-
ingsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun

43
31. des.
1925

- opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til að reka verslun, en til þess útheimtist, að hann:
- a. hafi lokið námi við verslunarskóla, sem atvinnumálaráðuneytið telur fullnægjandi,
 - b. hafi lokið gagnfræðaprófi, eða
 - c. hafi notið verklegra æfinga að minsta kosti í þrjú ár sem verslunarmaður.

Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverslana og að því er annan verslunarrekstur snertir, getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum liðsins, þegar sjerstaklega stendur á.

6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verslun.

Þeir, sem fengið hafa verslunarleyfi á tímabilinu 1. júlí til 31. des. þ. á., geta fengið nýtt leyfisbrjef útgefið af lögreglustjóra, án þess að greiða gjöld þau, sem ákveðin eru í tjeðum lögum fyrir slík leyfi og með sama gildi til verslunarrekstrar, sem þau höfðu eftir hinum eldri lögum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. des. 1925.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

44
23. mars

REGLUGJÖRÐ

um

rekstur h.f. „Útvarp“.

1. gr.

Sjerleyfið má á engan hátt tefja fyrir útbreiðslu á sviði útvarps í landinu, og er því gert ráð fyrir að fjelagið, ef ástæða þykir til og efni leyfa, byggji fleiri útvarpsstöðvar í landinu.

2. gr.

Enginn má setja upp og nota viðtökutæki fyrir loftskýti eða útvarp nema með leyfi landssímastjóra. Ekki má heldur selja móttökutæki eða efni í þau öðrum en þeim, sem leyfi hafa fengið hjá landssímastjóra.